



Skýrsla innra mats

Grunnskóli Reyðarfjarðar

júní 2026

Dagsetning 19. júní 2026

Skýrsla unnin af gæðaráði skólans

*Hugrökku  er ekkert
ómögulegt*



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	1
Inngangur.....	2
Starfsáætlun um innra mat.....	3
Niðurstöður mats.....	3
Stjórnun og fagleg forysta.....	4
Nám og kennsla.....	5
Innra mat.....	6
Heildarniðurstaða innra mats - Skólaprófíll.....	7
Umbótaáætlun næsta skólaárs.....	8

Inngangur

Grunnskóli Reyðarfjarðar er heildstæður grunnskóli með nemendum frá 1. – 10. bekk. Auk þess er boðið upp á lengda viðveru fyrir nemendum 1. – 4. bekkjar í Skólaseli, að skóla loknum. Ásta Ásgeirsdóttir er skólastjóri, Svava Gerður Magnúsdóttir er aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri sérkennslu er Hildur Magnúsdóttir. Við skólann eru 20 stöðugildi kennara, 6 stöðugildi stuðningsfulltrúa, þrjú stöðugildi skólaliða og ritari í 66% starfi. Forstöðumaður bókasafnsins starfar einnig við skólann í 50% starfi. Náms- og starfsráðgjafi í 60% starfshlutfalli. Nemendur síðasta vetur voru 203.

Markmið skólans er að starfshættir skólans séu til fyrirmyndar og í samræmi við ítrustu viðmið um gæðastarf. Innra mati er ætlað að upplýsa hvernig gögn um innra og ytra mat gefa til kynna stöðu skólans gagnvart viðmiðum og vísbendingum um gæðastarf í Fjarðabyggð. Þessi skýrsla staðfestir þá stöðu sem matið leiddi af sér. Næsta skólaár er markmiðið að festa vinnubrögð innra mats í sessi með skýrri starfsáætlun gæðaráðs sem fylgir eftir langtíma- og ársáætlun innra mats með áherslu á fjölbreytt mat með þátttöku allra hagsmunaaðila skólasamfélagsins.

Innra mati er ætlað að veita upplýsingar um starfshætti skólans, stuðla að auknum gæðum, umbótum og þróun á starfi hans. Innra mat er samofið daglegu starfi og er m.a. til þess að efla þekkingu, hæfni og ígrundun á starfinu og til að auka vitund starfsfólks um ábyrgð þess í starfi. Lýðræðisleg vinnubrögð við innra mat þar sem tekið er tillit til sjónarmiða þeirra sem koma að skólastarfinu stuðla að auknum gæðum í starfinu (Aðalnámskrá, almennur hluti, 2011).

Skólaárið 2025-2026 var starfandi gæðaráð (matsteymi) sem fundaði samkvæmt starfsáætlun þess. Vel gekk að halda fundi og fulltrúar hagsmunaaðila komu að skipulagi og úrvinnslu gagna úr innra mati samkvæmt langtíma- og ársáætlun innra mats. Gæðaráð skólans fyrir skólaárið 2025 - 2026 skipa Ásta Ásgeirsdóttir skólastjóri, Svava Gerður Magnúsdóttir aðstoðarskólastjóri, Elín Guðmundsdóttir deildarstjóri stoðþjónustu, Ásthildur Magnea Reynisdóttir stuðningsfulltrúi, Díska Mjöll Ásgeirsdóttir kennari, Margrét Þorvaldsdóttir stuðningsfulltrúi, Særún Hlín Laufeyjardóttir kennari, Thelma Rún Magnúsdóttir stuðningsfulltrúi, Wala Abu Libdeh kennari. Næsta skólaár verður aðkoma foreldra að skipulagi innra mats tryggð gegnum skólaráð eða með þátttöku í gæðaráði skólans.

Starfsáætlun um innra mat

Á vormánuðum 2025 var gæðaráð stofnað við skólann með aðstoð ráðgjafa frá Ásgarði. Starf gæðaráðs er að gera innra mat markviss og samofið skólastarfinu með það að leiðarljósi að bæta nám, kennslu og velferð nemenda. Ráðið gegnir lykilhlutverki í að skapa lærdómssamfélag sem byggist á stöðugri ígrundun og umbótum.

Helstu verkefni skólaársins voru að meta og greina eftirfarandi þætti:

Stjórnun og fagleg forysta:

- Samvirkni í stefnumótun.
- Faglegt samstarf og samræða.
- Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu.
- Umbætur og innleiðing breytinga.
- Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.
- Starfsmannastjórnun og verkaskipting.
- Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsfólks.

Nám og kennsla:

- Inntak kennslu og námskrá.
- Árangur náms.
- Gæði kennslu og skipulag náms.
- Námsvitund, ábyrgð og þátttaka.

Innra mat:

- Skipulag.
- Framkvæmd.
- Umbætur.

Niðurstöður mats

Niðurstöður taka mið af þeirri greiningarvinnu sem gæðaráð hefur unnið þetta skólaár og eru lagðar fram í þrem megin þáttum sem gæðaviðmið fyrir innra og ytra mat grunnskóla:

- Stjórnun og fagleg forysta
- Nám og kennsla
- Innra mat

Í niðurstöðu hvers kafla er fjallað um helstu niðurstöður matsins út frá markmiðum skólans, það er að segja hvernig gengið hefur að ná þeim fram og þær speglaðar í gæðaviðmiðum sem birtast í skólaprófil. Gæðaráð fór yfir þau gögn sem lágu til grundvallar á fundum sínum og greindi stöðuna út frá gæðaviðmiðum um innra mat.

Matsviðmiðin eru eftirfarandi:

- **A-Mjög gott verklag** sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
- **B-Gott verklag**, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
- **C-Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti**, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
- **D-Óviðunandi verklag**, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Stjórnun og fagleg forysta

Markmið: Fagleg forysta stjórnenda styður markmiðs- og árangursmiðaða starfshætti sem drífa fram stöðugar umbætur. Skólastjórnendur eru virkir þátttakendur í þróun kennsluhátta í samræmi við framtíðarsýn. Virkt lærdómssamfélag innan skólans með markvissri ígrundun þar sem starfsfólk lærir hvert af öðru. Stjórnendur sjá til þess að skólinn sé faglegur, öruggur og uppbyggjandi vinnustaður barna og starfsfólks með áherslu á samvinnu og gleði. Markmið skólans er að a.m.k. 90% matsþátta í stjórnun séu dökkgrænir þ.e. flestir eða allir þættir sterkir (A).

Mat og niðurstöður:

- **Mat á starfsáætlun** var gert í júní með þeim hætti að skólastjóri fór í gegnum þá þætti sem þar var lagt upp með í upphafi skólaárs og mat hvernig tókst til. Flest allt í starfsáætlun gekk upp eins og lagt var upp með en nokkrir þættir sem þarf að bæta. [Hér](#) er hlekkur á mat á starfsáætlun.
- **Skólaþing** var haldið fyrir nemendur í 7.-10. bekk 22. október. Spurningar á skólaþinginu voru tvær. Hvað er góður skóli og hvernig geta heimili og skóli unnið saman á sem bestan hátt? [Hér](#) er hlekkur á samantekt/umbótaáætlun frá skólaþingi.
 - Hvað er góður skóli?
Niðurstöðurnar sýna skýrt að nemendur leggja mesta áherslu á líðan, góðan mat, seinkun á byrjun skóladags, fjölbreytt og skemmtilegt nám, hreyfingu, betri aðstöðu og virðingu í samskiptum.
 - Hvernig geta heimili og skóli unnið saman á sem bestan hátt?
Helsta ályktunin er að samskipti og upplýsingaflæði er kjarninn í öllum tillögnum. Foreldrar og nemendur vilja tíðari, persónulegri og opnari samskipti milli heimilis og skóla, ásamt áherslu á líðan nemenda og sveigjanlegri nálgun á heimanám.

Stjórun og fagleg forysta
Samvirkni í stefnumótun
Faglegt samstarf og samræða
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu
Umbætur og innleiðing breytinga
Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir
Starfsmannastjórnun og verkaskipting
Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks

Helstu umbætur næsta árs:

- Koma á reglubundnu innliti í kennslustundir, formlegu sem óformlegu.
- Efla ígrundun og samtal, t.d. eftir innlit í kennslustundir og á teymisfundum.
- Skipuleggja faglega samstarfsfundir.
- Endurskoða skólafundum.
- Efla tengsl við foreldra – samstarfsverkefni.
- Endurskoða verklag við gerð áætlananna og birta á heimasíðu.
- Taka þátt í gerð starfslýsinga með Fjarðabyggð.
- Ráða leiðtoga lærdómssamfélagsins.
- Leggja áherslu á góða líðan starfsfólks með góðu samstarfi og upplýsingagjöf.
- Endurverkja móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk.

Nám og kennsla

Markmið: Að gæðastarf skólans sé markvisst, kerfisbundið og í samræmi við kennsluáætlanir og skólanámskrá. Skólinn starfi sem lærdómssamfélag þar sem sameiginleg ígrundun, fagleg samvinna og virk þátttaka starfsfólks eru lykilþættir í að efla nám, kennslu og námsárangur nemenda. Nám nemenda mótast af samspili margra þátta og bera allir aðilar skólasamfélagsins sameiginlega ábyrgð á að styðja við þá þætti eftir bestu getu. Sérstök áhersla er lögð á að skapa gott, öruggt og hvetjandi námsumhverfi þar sem nemendur upplifa skýrar væntingar, stuðning og tækifæri til að tileinka sér vönduð vinnubrögð. Kennsla skal taka mið af fjölbreyttum þörfum nemenda, styrkleikum þeirra og markmiðum, með það að leiðarljósi að hver nemandi fái notið sín og nái sem bestum árangri. Markmið skólans er að a.m.k. 90% matsþátta í námi og kennslu séu dökkgrænir þ.e. flestir eða allir þættir sterkir (A).

Mat og niðurstöður:

- Kannanir Skólapúlsins voru lagðar fyrir foreldra og nemendur. Niðurstöður var svo unnið með hjá gæðaráði og umbótum sinnt strax ef mögulegt var, annars sett í umbótaferli hjá gæðaráði.
- Skólapúls var lagður fyrir nemendur í 6.-10. bekk, þar kemur fram að styrkleikar skólans liggja í að nemendur hafa trú á eigin getu, eru í takt við landið í virkni í kennslustundum og er á landsmeðtali í leiðsagnarmati, þ.e. kennarar ræða við nemendur um hvernig þeim gengur í náminu og leiðbeina þeim. Helstu veikleikarnar eru að nemendur undir landsmeðtali í þrautseigju í námi, áhugi á stærðfræði og náttúrufræði hefur farið minnkandi. Samband nemenda við kennara hefur versnað verulega á nokkrum árum og er marktækt undir landinu. Stelpurnar eru undir landsmeðtali í sjálfsáliti og stjórn á eigin lífi.

Einelti er hlutfallslega meira en á landinu. 7. og 8. bekkur skora sérstaklega lágt á mörgum matsþáttum. [Hér](#) er hlekkur á samantekt nemendakönnunar.

- Skólapúls var einnig lagður fyrir foreldra, helstu niðurstöður sýna að lykilstyrkur skólans liggur í stjórnun, frumkvæði kennara að foreldrasamstarfi, ánægju með heimasíðu og jákvæðu viðhorfi gagnvart símareglum. Niðurstöður sýna að lykiláskoranirnar felast í samskiptum starfsfólks við nemendur, líðan nemenda í skólanum og kennslustundum. Einnig kemur fram að aðstaða í skólanum gæti verið betri, há tíðni eineltis og úrvinnslu eineltismála er ábótavant. [Hér](#) er hlekkur á samantekt foreldrakönnunar.

Nám og kennsla
Inntak og námskrá
Árangur náms
Gæði kennslu
Skipulag náms
Námsvitund
Ábyrgð og þátttaka

Helstu umbætur næsta árs:

- Að námslotur verði útbúnað þar sem hæfniviðmið og matsviðmið úr nýrri aðalnámskrá koma fram og kynna fyrir nemendum og forsjáraðilum strax að hausti.
- Lesið og kennt (bekkjarnámskrár) verði settar á heimasíðu strax að hausti.
- Ná betur utan um innleiðingu leiðsagnarnáms með áherslu á námsvitund og námsmarkmið.
- Bæta sjálfsmynd og þrautseigju nemenda.
- Nýta okkur niðurstöður úr Matsferli til að bæta gæði kennslu og auka framfarir nemenda.
- Nemendur og foreldrar upplifa meira einelti í skólanum heldur en skráð gögn segja til um. Verkefni næsta skólaárs er að ná utan um eineltismál með fræðslu og góðri upplýsingagjöf.

Innra mat

Markmið: Að innra mat sé skipulagt til lengri og skemmri tíma, sé kerfisbundið, markmiðsbundið, umbótamiðað og allir hagsmunaaðilar komi að því.

Meginmarkmið skólaársins var að festa starfshætti gæðaráðs í sessi með reglulegum fundum þar sem unnið var eftir áætlun um innra mat. Eiga næg gögn eftir skólaárið til að vinna innra mats skýrslu ásamt umbótaáætlun.

Markmið skólans er að a.m.k. 90% matsþátta í innra mats séu dökkgrænir þ.e. flestir eða allir þættir sterkir (A).

Mat og niðurstöður:

- Starfsáætlun/fundir gæðaráðs gengur heilt yfir vel eftir en einhverjir fundir féllu niður vegna vinnu við innleiðingu nýrrar aðalnámskrár en verkefni færðust þá til. Fundir hafa verið haldnir reglulega, gögnum safnað kerfisbundið og umbótaáætlun unnin.

- Stefnt var á að allir starfsmenn tækju þátt í ígrundun á niðurstöðum á starfsmannafundi að vori og meti stöðu skólans varðandi áherslur gæðaviðmiða sem snerta nám og kennslu. Ekki náðist að ígrunda niðurstöður en unnið verður með umbótaáætlun á starfsdögum í ágúst og hún endurmetin.

Innra mat
Skipulag
Framkvæmd
Umbætur

Helstu umbætur næsta árs:

- Að innra mat verði sjálfsagður hluti af daglegu starfi.
- Vinna eftir starfsáætlun og tryggja fundartíma.
- Vinna umbætur með gæðaráði og fá starfsfólk að borðinu 2-3 yfir skólaárið.
- Tryggja aðkomu foreldra að innra mati, m.a. gegnum skólaráð eða með þátttöku í gæðaráði.

Heildarniðurstaða innra mats - Skólaprófíll

Árangur hefur verið verulegur og sýnir að skólinn er nú með sýnileg einkenni gæðastarfs í öllum lykilþáttum innra mats. Næsta markmið er að halda áfram þróun þannig að öll svið verði grænni (A) á næstu þremur árum og bæta inn sérstökum gæðaviðmiðum sveitarfélagsins.

Stjórun og fagleg forysta	Nám og kennsla	Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Inntak og námskrá	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Árangur náms	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Gæði kennslu	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga	Skipulag náms	
Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Námsvitund	
Starfsmannastjórnun og verkaskipting	Ábyrgð og þátttaka	
Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsfólks		

- **A-Mjög gott verklag** sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
- **B-Gott verklag**, flestir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
- **C-Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti**, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
- **D-Óviðunandi verklag**, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf á mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Umbótaáætlun næsta skólaárs

Umbótaáætlun nær til allra þátta sem samkvæmt innra mati ber að fara í umbótaferli og þá er miðað við að allir þættir sem ekki ná mjög góðu verklagi fara í umbótaferli. Umbætur geta varað í nokkra mánuði og allt upp í tvö, jafnvel þrjú ár. Mikilvægt er að umbótum séu sett viðmið um árangur, ábyrgðaraðila og aðgerðatímabilið sé skilgreint. [Hér](#) er hægt að sjá umbótaáætlun 2026-2027.